

Fundargerð

26. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 30. mars 2017 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Emma Eyþórsdóttir formaður (EE), Charlotta Oddsdóttir (CO), Trausti Baldursson (TB), Leo Alexander Guðmundsson (LAG), Sæmundur Sveinsson (SS), Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) og Brynja Hrafnkelsdóttir (BH)

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 25. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi (BKB/EE)

- Samningur EL, BÍ og ANR samkvæmt reglugerð um rammasamning búvörusamnings var kynntur.
- Ný heimasíða komin í loftið og verið að setja inn og uppfæra texta þar sem þarf.
- Erfðalindasetur sá um að greiða út styrk til geitfjárræktenda í desember samkvæmt innsendum skýrslum. Framlag erfðanefndar 1800 þús og ANR 1775 þús, greitt var fyrir 668 geitur kr. 5.381 á geit. Framvegis verður það í höndum MAST/Búnaðarstofu sem mun sjá um útgreiðslu styrkja samkvæmt reglugerð um framkvæmd rammasamnings.
- Samkvæmt reglugerð þarf að skrá geitur í skýrsluhald Heiðrúnu, búa á lögbýli, vera með vsk númer, merkingar þurfa að vera í lagi. Það koma einhverjir til með að detta út úr styrkjakerfinu sökum þess að þeir búa ekki á lögbýli.
- Um síðustu áramót voru geitur í landinu 1123. Gripastyrkur til geitfjårbænda samkvæmt nýjum samningum er 9 millj. Greitt var í mars fyrir rúmlega 1000 geitur, sem sýnir að góð þátttaka er að verða í skýrsluhaldi.
- Eldri skýrslur skráðar í Heiðrúnu og markmið að allar geitur sem hafa verið á skýrslum verði komnar inn í gagnagrunn á þessu ári.
- Samkvæmt reglugerð þá er gert ráð fyrir að gerður sé samningur við Nautastöð BÍ um að sjá um töku sæðis, frystingu og geymslu. Er í vinnslu.
- Viljayfirlýsing um samstarf milli Geitfjárræktarfélagss Íslands og Matís var undirrituð 14. feb. 2017 um samstarf með aukna verðmætasköpun, vöruþróun og kynningu á geitaafurðum að markmiði, hugsanlegt samstarf við vöruhönnunardeild Listaháskólans.
- Yfirlitsgrein í Skrínu um uppruna, stöðu og framtíðarhorfur geitastofnsins er í ritstýringu.
- Biobank/Genebank
 - SLU er með þjónustu varðandi „non-human“ lífsýni
 - Það er annars vegar er hægt að skrá á vefin sýni og hvar þau eru geymd o.s.fv.
 - Hins vegar er boðið upp á geymslu á sýnum gegn greiðslu.

- Biobankar hafa t.d. sannað gildi sitt undanfarið í sambandi við erfðamengjaúrval (genomic selection) í nautgriparáættinni þar sem þörf fyrir stóran viðmiðunarhóp og hægt að greina arfgerð dauðra nauta með djúpfrystu sæði.
- BKB og EE sóttu fund hjá húsdýrahóp Nordgen í mars.
- Beiðnir um umsagnir um innflutning á hvítleggja rækju og mjöldrum bárust nefndinni.
- Könnun frá IMAGE (Innovative Management of Animal Genetic Resources) var svarað í nóvember. Spurt var um stöðu mála hér á landi um söfnun og geymslu á erfðæfni, genbanka, eignarétt og fjöldi dýra af hverri tegund sem væri til erfðæfni úr. Yfirlit yfir annars vegar Germplasm collection sem nær yfir sæði, fósturvísa og egg og hins vegar Genomic collection sem nær yfir lífssýni (DNA, blóð, vefsýni).

4. Rekstur 2016 og áætlun 2017

Lagt var fram uppgjör ársins 2016 ásamt drögum að áætlun fyrir 2017.

Inneign í byrjun árs 2016 var kr. 5.917.383, þar af var framlag á fjárlögum 2016 kr. 4.400.000 og óráðstafað eigið fé 1.1.2016, kr. 1.517.383. Gjöld voru alls kr. 4.411.700, inneign í lok árs var kr. 1.517.383. Drög að áætlun fyrir árið 2017 voru lögð fram. Framlag til nefndarinnar hækkar samkvæmt nýgerðum búvörusamningum og verður kr. 7.000.000 á ári. Til ráðstöfunar 2017 eru kr. 8.517.383. Stofnverndarframlag til verndunar geitfjárstofnsins kr. 1.800.000 fellur niður frá og með árinu 2017 þar sem geitfjárættin fær sérstakt framlag samkvæmt nýgerðum samningum. Vegna verksamnings við LbhÍ/erfðalindasetur hafa kr. 2.500.000 verið bundnar og gert er ráð fyrir að uppreikna þá upphæð miðað við vísitölu þar sem hún hefur verið óbreytt frá 2009 og verður þá kr. 3.226.000. Auk þess hefur verið bundinn styrkur til Búnaðarsamtaka Vesturlands vegna ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár sem uppreiknaður verður kr. 130.000. Gert er ráð fyrir greiðslu árgjalds til ERFPP (European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources) og kostnaði við að sækja fund hjá samtökunum einu sinni á ári samtals kr. 420.000. Einnig er gert er ráð fyrir að veittir verði styrkir að upphæð kr. 3.000.000.

5. Reglur um styrkveitingar og auglýsingu

Frá því erfðanefnd landbúnaðarins tók til starfa 2003 hefur hún auglýst eftir styrkjum til ýmissa verkefna í tengslum við varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaaufkinda í landbúnaði. Í kjölfar efnahagskreppunnar var framlag til nefndarinnar skorið inn að beini og hafa ekki verið veittir styrkir síðan 2010. Í nýgerðum búvörusamningum hefur framlag til nefndarinnar verið aukið sjá drög að áætlun fyrir 2017. Lagt er til að auglýst verði eftir umsóknum í svipuðu formi og áður. Að jafnaði verða veittir styrkir á bilinu kr. 200-700 þús. Sérstök eyðublöð er að finna á heimasíðu nefndarinnar www.agrogen.is. Umsóknarfrestur verður til 10. maí 2017.

Afgreiðsla: BKB falið að setja auglýsingu í Bændablaðið og frétt á heimasíðu nefndarinnar.

6. Laxeldi á Vestfjörðum

Rætt um áform um stórfellda aukningu á laxeldi á Vestfjörðum. Nefndin sendi bréf til Skipulagsstofnunar vegna athugasemda við matsskýrslu Fjarðarlax þann 24. nóvember 2016. Engin viðbrögð hafa borist við þessu bréfi. Áform um laxeldi eru enn vaxandi en ekki hefur verið óskað umsagnar erfðanefndar um þessi áform. Ástæða er til þess fyrir nefndina að fylgjast vel með þróuninni og mögulega hafa frumkvæði að viðbrögðum. LAG lagði til að sent yrði bréf m.a. til Umhverfisstofnunar þar sem nefndin lýsi áhyggjum sínum af þróun laxeldismála.

Afgreiðsla: LAG falið að gera drög að bréfi.

7. Nordgen

Áslaug Helgadóttir (ÁH) fulltrúi í Ísland í stjórn Nordgen sat fundinn og upplýsti fundarmenn um stöðu mála hjá Nordgen. ÁH sagðist vera að hætta í stjórn og að landbúnaðarráðherra þyrfti að skipa nýjan fulltrúa í stjórn. ÁH taldi að best færi á því að tengja Nordgen samstarf við erfðanefnd og mun leggja það til við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem tilnefnir fulltrúa í stjórn. Ísland hefur verið aðili að ECPGR (The European Cooperative Programme for Plant Genetic Resources) frá upphafi og var fyrsti fundurinn haldin hér á landi. ECPGR hefur greitt kostnað við að sækja fundi, en 2018 verður síðasta árið í þessum 5. fasa. ECPGR rekur gagnagrunninn EURISCO þar sem er að finna upplýsingar um plöntur sem varðveittar eru í Evrópskum genbönkum.

Fulltrúar Íslands í starfshópum og stjórn Nordgen 2017-	
Stjórn Nordgen	Áslaug Helgadóttir Jón Hallsteinn Hallsson, varam. LbhÍ
Húsdýr	Birna Kristín Baldursdóttir LbhÍ Emma Eyþórsdóttir LbhÍ
Skógur	Rakel J. Jónsdóttir Skógræktin Brynjar Skúlason Skógræktin
Grænmeti, kartöflur, ávextir, krydd	Ingólfur Guðnason
Ávextir, ber og skrautjurtir	Samson B. Harðarson LbhÍ Hjörtur Þorbjörnsson Grasagarður
Korn	Magnus Göransson LbhÍ
Grös	Guðni Þorvaldsson LbhÍ
National programme (plöntur)	Sæmundur Sveinsson LbhÍ

Ingólfur Guðnason fulltrúi í starfshópi um grænmeti, kartöflur, ávexti og krydd jurtir hefur óskað eftir því að hætta. Rætt var um að leita til Helga Jóhannessonar um að taka sæti í hans starfshópnum.

8. Umsagnir um innflutning á hvítleggja rækju og mjöldrum

Ákveðið var um að afgreiða þessar umsagnir á svipaðan hátt og fyrri umsagnir sem ekki teljast á verksviði erfðanefndar landbúnaðarins.

9. Önnur mál

Rætt var um að halda málþing með haustinu um laxeldismál og athuga með að fá erlendan fyrirlesara.

10. Næsti fundur verði haldinn um miðjan maí 2017